

REGLUGERÐ

um (3.) breytingu á reglugerð nr. 260/1980, um útbúnað alifuglaslátruhúsa, slátrun alifugla, verkun þeirra og heilbrigðisskoðun.

1. gr.

Í stað 1. málslíðar 4. mgr. 3. gr. kemur svohljóðandi texti:

Opinbert eftirlit með framkvæmd þessarar reglugerðar skal vera samkvæmt lögum nr. 93/1995 um matvæli.

2. gr.

6. mgr. 7. gr. orðast svo:

Sláturafurðir alifugla sem boðnar eru til sölu, skulu vera af sláturfuglum þar sem staðfest hefur verið með sýnatöku á eldistímanum að ekki hafi greinst salmonella í fuglunum. Finnist salmonella í sýnum sem tekin eru við slátrun, skal innkalla afurðirnar, þeim fargað eða þær hitameðhöndlaðar, þannig að kjarnhiti nái 72°C, áður en afurðunum er dreift, samkvæmt fyrirætlum Matvælastofnunar. Greinist salmonella í eldishópi getur Matvælastofnun heimilað slátrun hópsins og markaðssetningu á afurðum hans. Skilyrði fyrir að Matvælastofnun veiti slíka heimild eru að tvö viðbótarsýni framleiðanda og sýni stofnunarinnar, sem tekið skal a.m.k. fimm til sjö dögum fyrir slátrun, séu öll neikvæð. Ekki er heimilt að markaðssetja þessar afurðir nema fyrir liggja niðurstöður úr sýnatöku við slátrun. Slátrun eldishópa og markaðssetning afurða þeirra skal framkvæmd í samræmi við fyrirætlum stofnunarinnar.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 96/1997 um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum, með síðari breytingum, lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, með síðari breytingum og lögum nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum. Reglugerðin tekur gildi þegar í stað.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 17. ágúst 2011.

F. h. r.

Sigurgeir Þorgeirsson.

Baldur P. Erlingsson.